

Lawyer Partners, A.S. gegn Slóvakíu

Dómur frá 16. júní 2009

Mál nr. 54252/07, 3274, 3377, 3505, 3526, 3741, 3786, 3807, 3824, 15055, 29548, 29551, 29552, 29555 og 29557/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Aðgangur að dómstólum.

1. Málsatvik

Kærandi er einkahlutafélag, með skráð aðsetur í Bratislava í Slóvakíu. Árið 2005 gerði kærandi samning við slóvakíska ríkisútvarpið, þar sem kærandi fékk framseldan rétt til að innheimta útistandandi kröfur þess á hendur 355.917 aðilum, sem ekki hefðu greitt útvarpsgjald.

Kærandi var því skuldbundinn til að höfða mál á hendur þeim, sem höfðu neitað að greiða þá skuld, sem fyrirtækið hafði eignast. Kærandi undirbjó málshöfðun á hendur hverjum skuldara og krafðist þess að greiðsluáskorun yrði gefin út á hendur skuldurum. Vegna mikils fjölda skuldara, voru málshöfðanirnar gerðar á tölvutæku formi og afritaðar á DVD-diska, sem voru sendir til viðeigandi héraðsdómstóla ásamt skýringarbréfi. Dómstólar neituðu að skrá málshöfðanirnar, þar sem þeir töldu sig ekki hafa viðeigandi búnað til að móttaka og vinna úr tölvutækum gögnum. Kærandi bar synjun dómstóla fyrir stjórnlagadómstólinn og taldi brotið á rétti sínum til aðgangs að dómstólum, sem vísaði málinu frá, þar sem viðeigandi málshöfðunarfrests hafði ekki verið gætt.

Dómsmálaráðuneytið hafði áður komist að þeirri niðurstöðu, að dómstólar skyldu hafa viðeigandi búnað til að taka á móti slíkum málshöfðunum og voru leiðbeiningar um hvernig standa skyldi að þeim birtar á heimasíðu ráðuneytisins í október 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að neita að skrá málshöfðanir fyrirtækisins á rafrænu formi hefði verið brotið gegn rétti hans til aðgangs að dómstólum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt landslögum mætti stefna málum til dómstóls með mismunandi hætti og þar með talið rafrænum. Jafnframt hefði það verið eini raunhæfi möguleikinn fyrir kæranda. Hefðu málshöfðanirnar ásamt fylgiskjölum verið prentaðar út, hefðu þær verið samtals yfir 40 milljónir blaðsíðna. Þrátt fyrir að innlendir dómstólar hefðu borið fyrir sig skort á viðunandi tækni til að móttaka rafræna málshöfðanir, hefði það verið heimilt samkvæmt landslögum síðan 2002.

Var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn kæranda 10.000 evrur í skaðabætur og 8.000 evrur í málskostnað.